



«KARL BERNDSEN UM KLÆÐI ÞINGMANNA

VILL EKKI FLÍSPEYSUR OG ENGA GRÁMYGLU



«KVENKYNS ANTIKRISTUR

MYND LARS VON TRIER UMDEILD

95 ára

STOFNAD 1913
135. tölublað
97. árgangur
Landsprent ehf.

Morgunblaðið

mbl.is

MBL.IS
Morgunblaðið
hvar sem er
hvenær sem er

MIDVIKUDAGUR 20. MAÍ 2009

Aftur á bak í sólbakaðan Fossvoginn



Óskar eftir leyfi til að selja altarisbrík frá 15. öld

■ EIGANDI Möðruvallakirkju í Eyjafirði hefur óskað eftir leyfi til að flytja rúmlega 500 ára altarisbrík kirkjunnar til Englands með það fyrir augum að selja hana hjá uppboðsfyrirtækinu Christies. Safnaráð hefur stöðvað útflutning altarisöflunnar um stundarsakir og hafinn er undirbúningur að friðlýsingu kirkjugripanna en kirkjan sjálf er friðlýst.

Jarðareigandinn segir að enginn sýni altarisöflunni áhuga þar sem hún hangi uppi í kirkjunni. Safnafólk telur bríkina ómetanlega fyrir íslenska þjóðmenningu.

helgi@mbl.is | 2

Frestaðar launahækkningar komi til framkvæmda 1. júlí



■ GYLFI Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir það kröfu launafólks að frestað launahækkun komi til framkvæmda 1. júlí. Hann segir vinnuna við endurskoðunina, sem hófst í gær, hafa farið vel af stað. Fulltrúar ASÍ og Samtaka atvinnulífsins hittust í Karphúsinu í gær og á fund þeirra komu Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Árni Páll Arnason félagsmálaráðherra. »8

Stafir ákveða að skerða réttindi lífeyrisþega um 6%

■ STAFIR lífeyrissjóður mun skerða greiðslur til lífeyrisþega um 6%. Þetta var samþykkt á aðalfundi sjóðsins í gær.

Hrein eign sjóðsins minnkaði um rúma sex milljarða í fyrra eða um 7,7%. Þá kom fram á fundinum að fyrirtækjaskuldabréf í eigu sjóðsins eru enn metin á tæpa 9,3 milljarða. Þorri bréfanna er útgefnun af fyrirtækjum, sem glímt hafa við alvarlega rekstrarerfiðleika. »16

Aflaheimildir eru metnar á um 150 til 200 milljarða inni í efnahagsreikningum sjávarútvegsfyrirtækja. Útvegsmenn hafa áhyggjur af því að



Morgunblaðið/Eggert

Þeir voru hugumstórir piltarnir sem létu sér ekki nægja að stinga sér til sunds í Fossvoginum í gær heldur tóku heljarstökk, að hætti ofurhuga við klettabelti fjarlæggra stranda. Skammt frá létu ungir sem aldnir líða úr sér

við ylströndina í Nauthólsvík líkt og síðustu daga. Sólbekkir sundlauganna á höfuðborgarsvæðinu voru þétt setnir og var greinilegt í Laugardalnum að margir gestir hugðust verja lunganum úr deginum í sólbaði.

Fornleifastofnun sökuð um hæpnar starfsaðferðir

FRAMKVÆMDASÝSLA ríkisins (FSR) hefur lýst áhyggjum sínum af markaðsbresti í tengslum við útboð á uppgreiftri við svokallaðan Alþingisreit og menntamálaráðuneytið hefur ritað Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem fram koma áhyggjur FSR. Í bréfinu segir m.a. að FSR meti það svo að Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) hafi komist í markaðsráðandi stöðu á sviði fornleifagrafrar og „beiti siðferðilega og lagalega hæpnunum aðferðum til að viðhalda þeirri stöðu“.

FSÍ er sjálfseignarstofnun og í stjórn hennar eru þeir Orri Vé-

● Hagsmunir stofnunarinnar sagðir fara saman við hagsmuni bandarísks háskóla

steinsson og Adolf Friðriksson. Báðir eru þeir prófessorar við Háskóla Íslands. Orri er jafnframt „adjunct assistant professor“ við hinn bandaríska Hunter College of the City University of New York (CUNY). Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, hefur fengið bréf frá menntamálaráðuneytinu um málið.

Þegar verkið var boðið út fyrsta sinni buðu FSÍ í verkið og verktaka-fyrirtækið Varmaverk í Hafnarfirði.

Hvorugu tilboðinu var tekið, en Varmaverk hafnaði boði um að taka þátt í framhaldsútboði. Þegar boðið var út að nýju bærust FSR vísbendingar um að FSÍ hefði beitt Varmaverk þrýstingi til að draga tilboðið til baka.

Albína Hulda Pálsdóttir er dóttir eiganda Varmaverks, Páls Ásgeirs Ásgeirssonar. Hún er fornleifafræðingur og var á sínum tíma í doktorsnámi í CUNY. Leiðbeinandi

hennar í doktorsnáminu var Thomas McGovern en hann hefur átt í samstarfi við Fornleifastofnun í áratugi og er nefndur sem samstarfsaðili í tilboði FSÍ.

Í tölvupóstsamskiptum Albínu og McGovern kemur ítrekað fram að hagsmunir CUNY og FSÍ fari saman og hann ráðlagði að faðir hennar dragi tilboð sitt til baka. Á einum stað skrifar hann: „Ef þú setur mig í þá aðstöðu að þurfa að velja milli FSÍ og sjálftrar þín mun ég alveg áreiðanlega velja FSÍ.“

■ Telja að FSÍ beiti | 12

Aflaheimildirnar eignfærðar fyrir 150 til 200 milljarða

Afskrifa kvóta úr bókum

„EF það á að taka aflaheimildir af fyrirtækjum, með þeim hætti sem lýst hefur verið, þ.e. 5 prósent á ári í 20 ár, þá finnst mér liggja nokkuð beint við að það þurfi að afskrifa heimildirnar, þ.e. að segja aflaheimildir sem menn hafa keypt og eignfært.“ segir Sæmundur Valdimarsson, endurskoðandi hjá KPMG, um áhrif fyrningarleiðar á efnahag sjávarútvegsfyrirtækja.

Aflaheimildir eru metnar á um 150 til 200 milljarða inni í efnahagsreikningum sjávarútvegsfyrirtækja. Útvegsmenn hafa áhyggjur af því að

nú þegar, við stefnu ríkisstjórnarinnar um innköllun aflaheimilda, hafi bókfærðar eignir þeirra skerast.

Atli Gíslason, þingmaður VG, segir ekki koma til greina, að hans mati, að gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu þannig að mikill skaði hljóti af. Vanda þurfi til verka og ekki grípa til aðgerða sem geti valdið enn meira ójafnvægi í efnahagslífinu en nú er. Hann segist enn fremur alla tíð hafa haft efasemdir um veðsetningu á aflaheimildum. Eitt af stórum vandamálum sjávarútvegsins nú sé yfirveðsetning. | 7



Morgunblaðið/Alfons

Til hafnar Guðmundur Jensson SH 717 kemur úr veiðiferð.

Nýjung með bláberjum

Án hvíts sykurs
Án sætuefna
Með agavesafa



KEA SKYRDRYKKUR
- FYRIR HEILBRIGGAN LÍFSSÍL



Fornleifafræðingar að störfum Starfsmenn Ljósleida grúska með tæki sín og tól á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu í júlí 2008. Þetta er á fyrsta svæðinu sem var opnað, svæði A.

Telja að FSÍ beiti lagalega og siðferðislega hæpnum aðferðum

● Framkvæmdasýsla ríkisins hefur áhyggjur af að Fornleifastofnun Íslands leitist við að viðhalda markaðsráðandi stöðu sinni á sviði fornleifagraftrar á Íslandi

Hagsmunir Fornleifastofnunar Íslands eru sagðir fara saman við hagsmuni bandaríksk háskóla. Íslenskum doktorsnema var vísað frá námi við háskólann eftir að faðir nemans bauð í uppgroft á Alþingisreitnum.



FRÉTTASKÝRING

Eftir Sigrúnu Ásmundsdóttur
sia@mbl.is

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ hefur ritað Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem fram koma áhyggjur Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um markaðsbrest í tengslum við útboð á fornleifagreftri á Alþingisreitnum. FSR metur það svo að Fornleifastofnun Íslands hafi komist í markaðsráðandi stöðu á sviði fornleifagraftrar á Íslandi og „beiti siðferðilega og lagalega hæpnum aðferðum til að viðhalda þeirri stöðu“.

Forsaga málsins er að í apríl 2008 bauð FSR út fornleifagrof til hluta Alþingisreitsins í miðbæ Reykjavíkur. Tvö tilboð bárust í verkið en bæði voru langt yfir kostnaðaráætlun og því talin óaðgengileg. Báðum aðilum var hins vegar boðið að taka þátt í framhaldsútboði, þar sem reynt yrði að komast nær kostnaðaráætlun með samningaviðræðum. Varmaverk ehf. og Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) buðu í verkið en FSÍ hélt ein áfram eftir að báðum tilboðum var hafnað í fyrra sinni.

Eftir að útboðið var auglýst að nýju bárust FSR upplýsingar frá Varmaverki ehf., sem bauð lægra í fyrsta útboði, um að starfsmaður North Atlantic Biocultural Organizations (NABO), en það eru samtök fornleifafræðinga og fornvistfræðinga sem starfa við Norður-Atlantshaf, og fornleifadeildar Hunter college CUNY (City University of New York) hefði þvingað fyrirtækið til að draga tilboð sitt til baka og það væri ástæðan fyrir því að þátttaka í samkeppnisviðræðunum var afþökkuð.



FSR fékk jafnframt afhent gögn sem, að sögn, staðfesta þessa fullyrðingu.

Bréf til Háskóla Íslands

Varmaverk ehf. er í eigu Páls Á. Ásgeirssonar og dóttir hans, Albína Hulda, ætlaði að taka þátt í verkefninu með honum. Hún var á þeim tíma í doktorsnámi í fornleifafræði við Hunter college CUNY. Fornleifastofnun (FSÍ) er sjálfseignarstofnun og Orri Vésteinson og Adolf Friðriksson eru báðir stjórnarmenn í FSÍ. Þeir starfa einnig báðir við Háskóla Íslands. Menntamálaráðuneytið ritaði Háskóla Íslands bréf hinn 7. apríl þar sem segir að tveir af stjórnarmönnum sjálfseignarstofnunarinnar Fornleifastofnunar Íslands séu kenningar í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Orri er jafnframt „adjunct assistant professor“ við CUNY. Í bréfi menntamálaráðuneytisins til Kristínar Ingólfssdóttur háskólarektors segir m.a.: „Par sem ofangreint erindi Framkvæmdasýslu ríkisins snertir að mati ráðuneytisins skipulag og kennslu í fornleifarannsóknum annars vegar og starfsskyldur starfsmanna Háskóla Íslands hins vegar er athygli yðar vakin á ofangreindu máli...“ Þegar haft var samband við Háskóla Íslands til að spyrjast fyrir um málið

Starf FSÍ árið 2008

- Árið 2008 fékk Adolf Friðriksson styrk frá Fornleifastofnun vegna leitar að kumlum í sunnanverðum Borgarfirði, 1,75 m. kr.
- Jafnframt því fékk Howell Magnús Roberts undir merkjum FSÍ styrk vegna öskuhauga á Möðruvöllum í Hörgárdal og víðar, 1,5 m. kr., Uggi Evarsson vegna björgunaruppgraftrar/forkönnunar á Hólsfjöllum í Óxarfjarðarhreppi 360 þús. kr., Lilja Björk Pálsdóttir vegna uppmælingar mannvirkja á Gufuskálum, 1,25 m. kr.
- Stærsti styrkur ársins 2008 rann einnig til Fornleifastofnunar Íslands vegna verkefnis í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp, 3,5 milljónir.

bárust blaðamanni skilaboð frá Kristínu Ingólfssdóttur háskólarektor um að engar sönnur hefðu verið færðar á að umræddir starfsmenn HÍ hefðu veitt Hunter college CUNY upplýsingar.

Fram kemur í bréfi til Albínu frá einum leiðbeinanda hennar við CUNY, Tom McGovern, að hagsmunir CUNY og FSÍ fari saman vegna áratuga samstarfs þeirra á milli. McGovern varar hana jafnframt sterklega við því að koma að útboðinu ásamt föður sínum og gengur svo langt að ráðleggja að faðir hennar dragi sig út úr útboðinu. Varmaverk dró sig út en Albínu var vísað frá doktorsnámi sínu við Hunter college CUNY. Í bréfi FSR kemur fram að Óskar Valdimarsson forstjóri telur afgreiðslu málsins mjög harkalega. Í bréfi NABO, sem Tom McGovern skrifar til dr. Sophíu Perdikaris og Louise Lennihan, sem báðar starfa við Hunter college CUNY, segir m.a.: „... eftir að hafa talað við bæði Albínu og okkar íslensku kollega...“ Bréf McGoverners er dagsett 19. maí 2008.

Hagsmunir FSÍ og CUNY fara saman

Ítrekað kemur fram í tölvupóstsamskiptum Albínu og McGovern að hagsmunir Hunter college CUNY fari saman við hagsmuni FSÍ

og McGovern segir m.a.: „Ef þú setur mig í þá aðstöðu að þurfa að velja milli FSÍ og sjálftrar þín mun ég alveg áreiðanlega [e. more definitely] velja FSÍ.“

McGovern er nefndur sem samstarfsaðili FSÍ í tilboði stofnunarinnar vegna Alþingisreitsins. Hann hefur jafnframt starfað náið með þeim Orri og Adolf við ýmisleg verkefni hérlandis. Í tilboði Varmaverks kom hvergi fram nafn Albínu, enda var þess ekki krafist á því stigi að umsónarmaður yrði tilgreindur. Engu að síður fengu leiðbeinendur Albínu í Hunter college CUNY upplýsingar um að hún ætlaði að taka þátt í verkefninu með föður sínum áður en hún tilkynnti þeim það.

FSÍ skrifaði bréf til FSR 19. júní 2008 þar sem farið er fram á að málinu sé hraðað eftir mætti þar sem FSÍ hafi stöðu sakbornings á meðan málinu er ólokið. Þá segir: „Undirritaður lýsti því yfir á fundi með forstjóra Framkvæmdasýslunnar og lögmonnum 11. júní sl. að ásakanir þær sem lýst er í bréfi Framkvæmdasýslunnar eru með öllu tilhæfulausar. Stofnunin sér ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið fyrr en réttarstaða hennar hefur verið skýrð.“ Undir bréfið ritar Adolf Friðriksson og í lok þess eru bornar upp spurningar sem Óskar taldi ekki ástæðu til að svara, að því er gögnin sýna.

Í bréfi til Albínu frá Louise D. Lennihan, forstöðumanni fornleifadeildar Hunter college CUNY, kemur fram að þátttaka Albínu í verkefninu sé „beinlínis í mótstöðu við hagsmuni [fornleifa]prógrammsins [við Hunter college]“. Par eru jafnframt færð rök fyrir því að Albína hafi „sýnt sig vanhæfa til að fara eftir síðareglum [...] og kröfum“. Þá segir: „Aðgerðir þínar síðastliðað voru í tengslum við Alþingisverkefnið á Íslandi fóru gegn kröfum, leiðbeiningum og hagsmunum prógrammsins [í Hunter college]. Eins og þú veist, eða ættir að vita, er framgangur fornleifafræðinnar að mörgu leyti byggður á tengslum félaga innan fagsins, og aðgerðir nema í CUNY-prógramminu eru eignaðar CUNY.“ [Lausleg þýð. blm.] Samkvæmt því stóð Albína ekki lengur undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda doktorsnám við skólann og farið var að tillögu McGoverners um að vísa Albínu úr náminu.

Atvikaröð

29. apríl 2008

Albína sendir föður sínum afrit af bréfi frá Tom McGovern þar sem hann lýsir áhyggjum sínum yfir aðkomu hennar að verkefninu við Alþingisreit.

30. apríl 2008

Albína sendir föður sínum afrit af bréfi Sophiu Perdikaris þar sem Sophia segist telja að Albína fremji faglegt „sjálfsmord“ með þátttöku í verkefninu og upplýsir að þennan sama morgun hafi hún heyrt af þátttöku Albínu í fyrsta sinn.

18. maí 2008

Varmaverk gefur út yfirlýsingu um að Albínu hafi hvergi verið getið í tilboðsgögnum.

19. maí 2008

Tom McGovern sendir dr. Sophiu Perdikaris og Louise Lennihan bréf til að lýsa vanda máli tengdu Albínu. Þar kemur fram setningin „... eftir að hafa talað við bæði Albínu og okkar íslensku kollega...“. Þar leggur McGovern einnig til að Albínu verði vísað úr doktorsnáminu.

12. júní 2008

Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, skrifar til FSÍ og óskar eftir svörum um það hvort FSÍ hafi beitt eða reynt að beita áhrifum sínum innan CUNY til þess að koma því til leiðar að Varmaverk dragi tilboð sitt til baka.

19. júní 2008

FSÍ svarar FSR og vísar ásökunum á bug.

25. júlí 2008

Orri Vésteinsson sárþæmir Sturlu Böðvarsson, þáverandi forseta Alþingis, í bréfi að draga úr þeim skaða sem þegar hefur orðið í tengslum við uppgröftinn á Alþingisreitnum.

30. júlí 2008

Sturla svarar Orra neitandi.

30. júlí 2008

FSÍ kærir ákvörðun FSR um val á tilboði.

4. ágúst 2008

Louise D. Lennihan skrifar Albínu og tilkynnir að hún stafi ekki lengur undir þeim kröfum sem gerðar eru til doktorsnema við skólann og vísar henni úr náminu.

12. nóvember 2008

Kærufnd útboðsmála hafnar kröfu FSÍ.

5. janúar 2009

FSÍ óskar eftir að kærufnd útboðsmála taki að nýju upp málið gegn FSR um val á tilboði.

17. febrúar 2009

FSR sendir menntamálaráðuneytinu bréf vegna málsins.

4. mars 2009

Kærufnd útboðsmála hafnar kröfu FSÍ um endurupptöku málsins.

7. apríl 2009

Menntamálaráðuneytið sendir Samkeppniseftirlitinu og háskólarektor bréf vegna málsins.

14. apríl 2009

Menntamálaráðuneytið sendir FSR bréf til að upplýsa að rit að hafi verið bréf til háskólarektors og Samkeppniseftirlits vegna málsins.



Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson

Áður en hafist var handa Grafíð er á 2.000 fm svæði við Alþingishúsið þar sem áður voru bílastæði. Á þessum slóðum var elsta byggð í Reykjavík.

Það um að beðið yrði með bréfið

EFTIR að FSR ákvað að taka tilboði Ljósleiða ehf. í uppgröft á Alþingisreitnum var Serbinn Nikola Trbojević ráðinn að verkinu. Hann var á þeim tíma í meistaranámi í fornleifafræði við Háskóla Íslands undir handleiðslu Orra Vésteinssonar. Þegar hafist hafði verið handa við uppgröftinn á Alþingisreitnum var hann boðaður á skrifstofu Fornleifastofnunar Íslands og honum boðin vinna við verkefni á þeirra vegum. Í gögnum kemur fram að hann segi að lagt hafi verið mjög hart að honum að taka boðinu. Nikola ákvað þó að þiggja það ekki, hélt áfram að vinna fyrir Ljósleiðir ehf. og undirritaði samning þar um. Stuttu eftir það hafði Orri samband við Nikola og lýsti yfir áhyggjum sínum, sem leiðbeinandi á vegum Háskóla Íslands, yfir því að ekki færi saman að vinna að lokaverkefni á sama tíma og hann væri í fullri vinnu við fornleifafræft. Þegar Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR, komst á snodir um þetta boðið hann Nikola á sinn

fund til að fá upplýsingar um atburðarás. Nikola sagðist m.a. hafa fengið tölvupóst frá Orra þess efnis að hann sem leiðbeinandi myndi „missa trú á honum sem nema“ [lausleg þýð. blm.] ef hann segði sig ekki frá verkinu. Nikola vildi ekki afhenda tölvupóstinn, en nokkrum dögum síðar rifti hann samningnum við Ljósleiðir til að geta einbeitt sér að meistaratilgerð sinni.

Að einkunn fenginni

Óskar upplýsti Nikola um að til stæði að rita menntamálaráðuneytinu bréf vegna málsins, en það átti að senda fyrir árslok 2008. Nikola fór fram á að beðið yrði með sendingu bréfsins þar til hann hefði lokið meistaratilgerð sinni og fengið hana metna til að fá áframhaldandi landvistarleyfi. Hann taldi að bréfið gæti haft áhrif á það ferli. Eftir að Óskar fékk það staðfest að Nikola hefði fengið einkunn fyrir ritgerðina sendi hann bréfið til menntamálaráðuneytisins.

Kærur bornar upp og kærur hafnað

FRAMKVÆMDASÝSLA ríkisins (FSR) ákvað að undangengnu endurteknu útboði að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Ljósleiðir ehf., um uppgröft á Alþingisreitnum, að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins. Hinn 30. júlí 2008 kærði Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) ákvörðunina um val á tilboði til kærufndar útboðsmála. Kæran var svohljóðandi: „Kærandi gerir kröfu til að kærufnd lýsi gerð samnings varnaraðila við Ljósleiðir ehf. um fornleifarannsóknir á Alþingisreit ólögmetta og að nefndin láti upp álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kærandi.“ Kærufndin hafnaði öllum kröfum FSÍ með úrskurði hinn 12. nóvember 2008.

Sárþæmir forseta Alþingis um að athuga málið

FSÍ ritaði kærufnd útboðsmála að nýju hinn 5. janúar 2009 og óskaði eftir endurupptöku á málinu. Þeirri kröfu hafnaði kærufnd útboðsmála með úrskurði 4. mars sl.

Í millitíðinni skrifaði Orri Vésteinsson Sturlu Böðvarssyni, þáverandi forseta Alþingis, bréf þar sem hann sárþæmir hann að „athuga vel hvernig hægt sé að draga úr þeim skaða sem þegar hefur verið unninn og leita leiða til að tryggja gæði rannsóknna á vegum Alþingis“. Í bréfinu lýsir Orri þeirri skoðun sinni að Ljósleiðir ehf. hafi enga reynslu af



Orri Vésteinsson



Adolf Friðriksson

fornleifarannsóknunum og „yfirhöfuð engar faglegar forsendur til að vinna verk sem þetta“.

Stjórnandi verksins, fyrir hönd Ljósleiða, er Vala Garðarsdóttir. Fornleifavernd ríkisins hafði á þessum tíma auðvitað farið yfir menntun og reynslu starfsmanna Ljósleiða ehf. og samþykkt þá til verksins. Vala er í doktorsnámi í fornleifafræði við HÍ og kennir einnig kúrsa í fjarveru Orra. Þess ber einnig að geta að við skoðun á ferilskrá þessara tveggja einstaklinga kemur í ljós „að Vala hefur meiri menntun en Orri á sviði fornleifafræði“, eins og fram kemur í gögnum.

Sturla svarar Orra á þann hátt að hann sjái ekki ástæðu til að bregðast við beiðni Orra þar sem FSR bauð verkið út og vann verklýsingu í samráði við Fornleifavernd ríkisins. „Ekki er ástæða til annars en að ætla að faglega hafi verið staðið að gerð verklýsingarinnar og framkvæmd útboðsins“, segir í svari Sturlu til FSÍ.

Ógnar kreppan öldruðum?

● Eldri kynslóðin gleymdist í góðærinu

„ÓGNAR kreppan öldruðum?“ var yfirskrift fundar sem Aðstandendafélag aldraðra (AFA) stóð fyrir í byrjun vikunnar samhliða aðalfundi sínum. Að sögn Reynis Ingibjartssonar, formanns AFA, er svarið við spurningunni já verði ekki rétt á spílum haldið. Á fundinum fluttu erindi þær Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Sóltúns, og Sólveig Anna Bóasdóttir síðfræðingur auk þess sem Árni Páll Arnason, félags- og tryggingamálaráðgjafi, var sérlegur gestur fundarins og tók þátt í umræðum.

„Það er mikil hætta á því að mál-efni aldraðra verði útundan í þessu ástandi sem verið hefur og fyrisjáanlegt er framundan“, segir Reynir. Telur hann umhugsunarvert að ekki hafi farið meira fyrir fréttalutningnum af því þegar heimilisfólkið á hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef



Reynir Ingibjartsson

ekki er staðinn vörður um mannréttindi eldra fólks gerast svona hlutir eins og á Akureyri. Þetta var vissulega allt gert í nafni hagræðingar og sparnaðar en enginn spurður álit.“

Að mati Reynis vill oft gleymast að eldri borgarar landsins hafa unnið hörðum höndum að því að tryggja þau lífskjör sem landinn hefur notið góðs af síðustu árin. „Ég ætla rétt að vona það að þjóðin muni eftir því að það var lífað á Íslandi fyrir hið margumtalaða góðæri síðustu 20 ára. Það er stundum talað eins og að framfarir á Íslandi hafi ekki byrjað fyrr en með útrásarvikingunum og það hefur kannski átt sinn þátt í því að eldri kynslóðin gleymdist í öllu góðærinu. Það er mælikvarði á okkur öll hvernig við stöndum að málefnum eldri borgara nú á tímum, hvort við gerum það sem þjóðfélag og stöndum saman um hlutina eða hvort við höfum ekkert lært af þessu hruni og hver heldur bara áfram að hugsa um sjálfan sig.“

Hælisleitandi er hættur í hungurverkfalli



Mansri Hichem

öðru leyti ágætlega,“ sagði Atli Viðar Thorstensen, verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands í viðtali við mbl.is.

Í síðustu viku var Hichem fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eftir að hann fékk mikinn verk fyrir

hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef

hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef

hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef

hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef

hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef

hjúkrunarheimilinu Selí á Akureyri var flutt nokkurs konar hreppflutningum á Kristnesspítalann. „Það voru mjög daprar fréttir vegna þess að heimilisfólk flutti úr einbýli í fjölbýli, sem við höldum að væri líðin tíð. Þetta er ákveðin aðvör- un til okkar allra, ef við ætlum að leysa málin með því að fara bara aftur í tímenn. Þetta dæmi sýnir að ef

20%

Afsláttur af málningavörum

Woodex á Íslandi frá árinu 1977. Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.

TEKNOS Síðumúla 31 · 108 Reykjavík · Sími 517 1500

Vantar þig hlýlega gjöf?

30% afsláttur af öllum gjafakortum til 1. júní!

DONG FANG SALON
HOTELL ÖLFLEIÐIN

Öppunartími: Mánudagur, 9:00-18:00
Lisun 9:00-21:00
Lisun 18:00-18:00

Sími 444-4000 / 962 0485
messaging@dongfang.is
www.dongfang.is